

Í STARTHOLUNUM

endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs á vegum Kópavogsbæjar

11. -12. ágúst 2016 í Kópavogsskóla

Opið er fyrir skráningu á netinu, <http://goo.gl/forms/muScHijSb4Wgq8Oa2>

Fjölmenningarleg kennsla kemur öllum við

11. ágúst kl. 9-12 eða 13-16

Nauðsynlegt er að allt starfsfólk skólanna sé í stakk búið að mæta þeim áskorunum sem því fylgja að kenna í fjölmenningarlegu skólaumhverfi.

Fjallað verður um hvernig við mætum sem best nemendum með íslensku sem annað tungumál í skólunum.

Í Kópavogi hafa allir nemendur með annað móðurmál en íslensku tækifæri til að sækja grunnskóla í sínu heimahverfi.

- Fyrstu skrefin í að bjóða öllum nemendum að hefja nám í sínum heimaskóla - hvað þarf að hafa í huga?
- Á námskeiðinu verður fjallað um fjölmenningarlega kennslu þar sem áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir, samskipti og samvinnu. Sérfræðingar á þessu sviði sýna fram á hvaða verkfæri eru til og hvar er þau að finna.
- Réttindi og skyldur foreldra og nemenda af erlendum uppruna.
- Umræður verða um hvernig við tökumst á við meiðandi orðræðu, hvernig tækjum við „freka“ kallinn.

Kennarar: Guðlaug Snorradóttir deildarstjóri ásamt Caio og Donötu, kennurum í Alþjóðaveri Álfhólsskóla

iPad forritun - 11. ágúst kl. 9-12 eða 13-16

Kennsla í forritun hefur verið kölluð sundkennsla 21. aldar, enda telja margir að forritunarkunnátta sé jafnmikil grunnfærni á vinnumarkaði þeirrar aldar og sundkunnáttan var á togaraöld.

Á námskeiðinu munu kennarar nálgast stærðfræði í gegnum tækni og forritun. Markmið námskeiðsins er að kennurum sé gert kleift að ná til nemenda á nýjan máta. Sú aðferð að nýta forritun í stærðfræðikennslu er áhugahvetjandi fyrir nemendur sem hafa átt erfitt uppdráttar í stærðfræði með hefðbundnum leiðum, sem og þá sem langar að efla færni sína í stærðfræði.

Á námskeiðinu tvínum við saman tækni, forritun og stærðfræði til að leysa hinar ýmsu þrautir. Aðferðirnar sem unnið er með á þessu námskeiði eru hugsaðar fyrir nemendur sem nota iPad spjaldtölvu og er því nauðsynlegt að þátttakendur á námskeiðinu hafi slíka

spjaldtölvu meðferðis.

Kennarar: Vottaðir Þjálfarar frá Skema

Lesskilningur án bóka – 12. ágúst kl. 13-16

Fjallað er um hvernig hægt er að vinna með bókmenntir á lifandi og skapandi hátt. Þátttakendur vinna með gefinn texta, túlka hann á persónulegan hátt, setja sig inn í aðstæður og endursegja út frá eigin skilningi. Unnið er með texta, ljósmyndir, myndbönd og raddupptökur. Þátttakendur kynnast og reyna sjálfir nýjar leiðir til náms og tjáningar, sem virkja tjáningu og framsögn ekki síður en lesskilning.

Kennarar: Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sigurður Haukur Gíslason.

Tæknivæðing án ósóma – Stafræn borgaravitund 12. ágúst kl. 9-12

Því er oft haldið fram að allir kennarar séu móðurmálskennarar. Það sama segja margir um lífsleikni og með aukinni tæknivæðingu skóla má segja að nú sé stafræn borgaravitund orðin verkefni allra kennara. Fjallað er um álitamál sem tengjast myndatökum og myndbirtingum, höfundarrétti, samskiptum á netinu, neteinelti og netávana. Markmið vinnustofunnar er að kennarar verði betur í stakk búnir að gera nemendur ábyrga borgara í netvæddu samfélagi.

Kennari: Sigurður Haukur Gíslason

Stærðfræði - Verkfæri til að leysa verkefni 12. ágúst kl. 9-12 eða 13-15

Stærðfræðikennsla snýst að hluta til um að kynna verkfæri fyrir nemendum og kenna þeim að beita þeim við að rannsaka og leysa verkefni.

Á námskeiðinu verða áherslur Jo Boaler í stærðfræðikennslu kynntar. Rætt verður um mikilvægi þess að fá nemendur til að trúá á eigin getu og að þeir átti sig á mikilvægi mistaka sem þeir gera. Einnig verður rætt um hvernig vinnubrögð er æskilegt að nemendur tileinki sér til að þeir nái að skilja stærðfræðina betur. Nokkur verkefni verða skoðuð og byggja lausnir sumra þeirra á samvinnu og samræðum nemenda. Verkefnunum er ætlað að vekja forvitni nemenda og reyna á þekkingu þeirra og leikni við lausnaleyti. Þátttakendur velta fyrir sér hvað einkennir þau verkefni sem ögra nemendum til að sýna hæfni sína í stærðfræði.

Kennari: Birna Hugrún Bjarnardóttir